



5. stjórnarfundur haldinn í ráðhúsi Borgarbyggðar 9. september klukkan 18:00

Mættir voru Rakel, Guðrún, Sigurður, Bragi, Sigríður og Bjarni.

1. Sambandsstjóri setur fundinn

2. Fundargerð síðasta fundar samþykkt á næsta fundi.

3. Sumarið

- a. **Unglingalandsmót** – frábær þátttaka og gekk mjög vel sérstaklega miðað við hversu langt þurfti að ferðast. Á Höfn var tilkynnt að Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið í Borgarnesi 2022. Þarf að fara strax í að undirbúa: rætt hvað þarf að hafa í huga hvað varðar tjaldstæði, uppbyggingu á aðstöðu og annað skipulag sem þarf að fara strax í að skoða.
- b. **Sumarfjör og vinnuskóli** – gekk vel í sumar, góður fjöldi og veðrið í sumar hjálpaði til.
- c. **Lýðheilsugöngur** – Verkefni sem er í gangi núna, Borgarbyggð tekur þátt í þessu og þetta er því partur af heilsueflandi samfélagi.

4. Erindi frá Skallagrímur körfubolti

- a. **Rúta** – Fulltrúar úr stjórn Kkd Skallagríms hittu Sigga og ræddu hvernig hægt væri að samnýta rútu fyrir íþróttafélögin á svæðinu. Spurning hverjir koma til með að nýta þennan bíl. Stjórn óskar eftir frekari upplýsingum.
- b. **Nafn á sal íþróttahúss í Borgarnesi** – Siggi sendir erindið til sveitastjórnar.

5. Íþróttamannvirki (uppbygging á nýju íþróttahúsi) – það þarf að fá svör frá ýmsum aðilum áður en hægt er að kynna þá kosti sem eru í stöðunni.

6. Tímatafla í íþróttahúsi – hluti af vandamáli vegna húsnæðisvandamála. Mjög erfitt og nánast ógerlegt að koma saman töflu þannig að allir séu sáttir. Má hrósa þeim sem komu að þessari vinnu.

7. Landsmót UMFÍ 50 + Borgarnesi 2020 – Undirbúningshópurinn búin að hittast og Bragi sagði frá því hversu reynslumikill og öflugur hópurinn er. Stefnum á að halda fjölmennasta mótið sem haldið hefur verið. Spurning hvort sniðugt væri að sameina Landsmót 50+ og Brákarhátíð og þá hvort vilji væri fyrir því að breyta dagsetningum á Brákarhátíðinni (Siggi athugar það). Það er vilji til þess að yngja upp þátttökuhópin og greinar eins og t.d fótballi, körfubolti, hjólreiðar og utanvegahlaup væru kannski góð leið til þess.

8. **Sportablar** – nú þarf að borga fyrir þessa þjónustu og þarf að kynna þennan kostnað fyrir deildunum sem munu nota þetta. Kostnaðurinn mun væntanlega að stórum hluta falla á þær.
9. **Umsókn um styrk** – Máni Hilmarsson sækir um styrk vegna þátttöku á HM í hestaíþróttum. Sigurður svarar erindinu og mun benda honum á í hvaða sjóði er rétt að sækja svona styrki.
10. **Frístund haust 2019** – Mjög mikil þátttaka og skortur á starfsfólki. Stefnan er að ráðinn verði sérstakur starfsmaður yfir Frístund, það verður þá Borgarbyggð sem sér um það.
11. **Rafíþróttir** – rætt um hvort það sé kominn tími til að stofna rafíþróttafélag til þess að hægt sé að stýra betur og halda betur utan um þá sem spila tölvuleiki. Ef hægt er að hlúa betur að og stýra betur þessu starfi þá sé það til bóta. Þetta er viðkvæmt mál en klárlega eitthvað sem þarf að ræða því vandamálið vex ef ekkert er að gert.
12. **Þing UMFÍ 11. – 13. Okt** – Haldið á Laugabakka. UMSB á 5 sæti og ber kostnað af gistingu. Lítur út fyrir að það verði auðvelt að manna þátttökuna. Gaman ef UMSB getur átt fulltrúa í stjórn UMFÍ, eitt nafn kom upp og Siggí ætlar að athuga það betur.
13. **Skrifstofa UMSB (verðmat)** – Þjónustumiðstöð UMSB var rædd. Framtíðarfyrirkomulag á húsnæðismálum fyrir skrifstofu og félagsaðstöðu þarf að skýrast.
14. **Sýnum karakter** – vonandi hægt að ná saman þjálfurum sem fyrst og þá hægt að fara yfir ýmis praktísk atriði varðandi þjálfun og einnig að kynna „Sýnum karakter“.

Ýmis mál sem þarf að ræða síðar
Fundu slitið klukkan 20:18